

Starfsáætlun 2017-2018

Leikskólinn Leikholt



Leikskólinn Leikholt

Brautarholti

801 Skeiða- og Gnúpverjahreppi

netfang: leikholt@leikholt.is

heimasíða: <http://skeidgnup.is/efni/leikskolinn-leikholt>

símanúmer: 486-5586 og 895-2995



Leikskólinn Leikholt

Leikskólinn Leikholt er staðsettur í Brautarholti og er í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Starfsáætlun

Samkvæmt lögum um leikskóla 90/2008 kemur fram í 5. mgr. 11.gr. og einnig í Aðalnámskrá leikskóla (2011) að leikskólastjóra beri að gefa árlega út starfsáætlun leikskóla. Í henni sé gerð grein fyrir starfsemi leikskólans, skóladagatali og öðru er viðkemur starfseminni. Einnig kemur fram að foreldraráð skuli fá hana afhenta til umsagnar áður en hún er staðfest af fræðslunefnd sveitarfélagsins. Að því búnu skal starfsáætlunin kynnt foreldrum leikskólabarna. Haustið 2016 var gefið út kynningarmyndband á starfsemi leikskólans og það sett á fésbókar síðu leikskólans ásamt undirsíðu leikskólans á heimasíðu hreppsins. Þetta var gert til að ná til sem flestra foreldra barna í leikskólanum, og ná að kynna starfsemina og er stefnt af því að uppfæra það myndband fyrir þetta skólaár. Þessi skýrsla hefur að geyma starfsáætlun leikskólans Leikhólts skólaárið 2017-2018 og er hugsuð sem skýr leiðarvísir á því starfi sem fer fram í leikskólanum.

Markmið Leikhólts

Að öllum börnum og starfsfólki líði vel í leikskólanum og að hér ríki gleði, vinsemd og virðing. Hver einstaklingur er einstakur og á að fá að njóta sín á eigin forsendum. Að stuðla að umburðarlyndi og víðsýni barna.

Stefna Leikhólts

Í leikskólanum okkar er unnið að námssviðum Aðalnámskrár (2011) út frá einkunnarorðum okkar sem eru:

Gleði, vinsemd og virðing

Áherslupættir okkar í starfi eru leikur, ART, umhverfismennt, mál og alls kyns læsi. Allir þessir þættir tengjast og skarast í daglegu starfi leikskólans. Leikur er nám.

Áherslupættir

Leikur

Í leikskólanum er leikurinn mikils metinn. Mikilvægt er að börn fái tíma til frjálsa leiksins þar sem þau láta ímyndunarflið ráða ferðinni. Þar læra þau marga hluti af hvert öðru, þau spegla hið daglega líf í leiknum og æfa sig þannig fyrir raunveruleikann. Leikur er líka gagnlegur sem námsleið stýrð af kennurum leikskólans, fyrsta skólastigi barnanna. Í gegnum leik er hægt að læra marga grunnþætti



menntunar sem lögð er áhersla á í öllum leikskólum, eins og málörvun, lýðræði, læsi, sköpun, sjálfbærni, jafnrétti, heilbrigði og velferð.

ART



Leikholt fékk ART vottun vorið 2016. Elstu tveir hóparnir fara í ART tíma og þar læra þau ýmsa félagsfærni, reiðistjórnun og siðferði. Af tíu starfsmönnum leikskólans hafa átta farið á námskeið í ART og hafa því réttindi sem ART þjálfarar og hinir hafa fengið kynningu á efninu.

Okkar leið að allir fari á námskeið er að allir séu meðvitaðir um hvað er verið að ræða og orðræða ARTsins sé lifandi í húsinu öllu en ekki bara hjá elstu tveimur árgöngunum. Í ART er lögð á áhersla á samskipti og tjáningu, hvernig við eigum að tjá okkur og eiga samskipti við aðra. Þar er einnig lagður grunnur að jafnrétti og lýðræði. Viðfangsefni hverrar stundar ræðst oft af hvað er í gangi hverju sinni, það sem er mest í umræðu hjá börnunum verður oft að viðfangsefni ART tíma. ART er því okkar grunn agastefna og lífsleiknileið. Í vetur munu tveir elstu árgangarnir (2012 og 2013) og hluti af miðju árgangnum (2014) fara í ART tíma 3x í viku í 12 vikur fyrir jól. Eftir áramót ætlum við svo að einbeita okkur að Blæ sem lífleikni þá önnina. Ef þið viljið fræðast meira um ART þá getið þið nálgast fleiri upplýsingar á heimasíðu ART teymisins: <http://www.isart.is/>.

Blær

Vináttuverkefnið Blær eða Fri for mobberi er forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti fyrir leikskóla. Verkefnið byggir á ákveðinni hugmyndafræði og gildum til að kenna góð samskipti og notast er við bangsann Blæ. Blær var kynntur til leiks í Vörðufelli vorönnina 2017, hann er einn bangsi sem kemur í heimsókn í vinastund. Öll börnin í Vörðufelli eiga einn lítinn Blæ bangsa sem þau geta nálgast ef þau vantar knús eða huggun. Ákveðið kennsluefni er til sem sex starfsmenn í leikskólanum eru búin að fara á námskeið í og lögð er áhersla á umburðarlyndi, virðingu, umhyggju og hugrekki. Stefnt er að láta vinastundirnar verða 2x í viku eftir áramót í öllum árgöngunum í Vörðufelli sem þá verða 18 börn fædd árin 2012-2015. Okkur í Leikholti finnst vináttuverkefnið Blær passa vel við ARTið okkar og ætlum við því að prufa þennan vetur að tvískipta því svona, ART fyrir jól og Blær eftir jól. Hægt er að leita meiri upplýsingar um Vináttuverkefnið inn á heimasíðu Barnaheilla: <http://www.barnaheill.is/vinatta/>.



Umhverfismennt



Leikskólinn Leikholt er með Grænfánan og vinnur ötult starf að umhverfismennt. Á hverju ári eru sett markmið að Grænfánaverkefnum og umhverfisstarfi leikskólans. Þetta skólaár er þema vetrarins *hnattrænt jafnrétti*. Markmiðin eru að börnin læri framkvæmd og tilgang flokkunar á úrgangi (tímabil september til desember) og að börnin fræðist um endurvinnsluferlið, frá því að úrgangurinn er sóttur til okkar og þar til hann er endurunninn (sept-des). Árleg

verkefni eru síðan alltaf að fódra fuglana í vetrarhörkum (nóv 2017 – apr 2018), að læra að þekkja nærumhverfi leikskólans, s.s. helstu kennileiti og örnefni (apr 2017 – apr 2018) og að læra að þekkja lífríkið í umhverfi sínu, s.s. bæði gróður og dýr (apr-okt 2017).

Allt rusl í leikskólanum er flokkað og farið er mjög ítarlega í það með börnunum hvernig flokka á ruslið. Lífræna ruslið er flokkað í tvennt það sem má fara í hænurnar hennar Valgerðar og Sigu á Húsatóftum og það sem fer í lífræna ruslið sem fjarlæggt er af hreppnum. Það mikið hugsað um umhverfið, allar ræstingarvörur við leikskólann eru vistvænar og farið er vel með pappírinn.

Mál og læsi

Læsi getur táknað ýmislegt eins og talnalæsi, myndlæsi og fleira. En læsi er oftast í þeim skilning átt við kunnáttu og færni nemenda koma hugsun sinni í ritað mál, geta lesið texta og skilið. Hugað er að læsi á öllum stöðum og tímum í leikskólanum í málörvunarskilningi. Prentað mál er haft fyrir augunum með því að líma heiti hluta á yfirborð flestra hluta eins og borð, skápur, veggur, stóll o.s.frv. Leskrókur („kósýkrókur“) er til staðar þar sem börnin geta gripið í að skoða bók. Lesið er reglulega fyrir börnin og sagðar sögur. Námsefnið *Lubbi finnur málbein* er einnig notað í hópastundum þar sem farið er yfir hljóð stafana og tákni, söngvar sungnir og stafirnir skoðaðir, mismunandi eftir hvaða aldur er í hópastund. Lestrarstefnan er í vinnslu hjá skólunum tveimur í Skeiða- og Gnúpverjahrepp, stefnt er að því að hún verði tilbúin á þessu skólaári. Skólarnir vinna að stefnunni saman til að brúa bilið á milli þessara skóla í þessu málefni.



Börnin í Vörðufelli hafa aðgang að tveimur tölvum þar sem þau geta æft sig að skrifa í ritvinnsluforritinu Word, með aðferðinni *að skrifa sig til læsis*.

Aðrir námsþættir og efniviður



Numicon stærðfræðikubbar eru einn af efniviðnum inn á deildum og eru mikið notaðir. Þeir eru þjálfatalnalæsi og sjálfbærni. Mikið er lagt upp úr að hafa numicon stærðir og tölur sýnilegar í umhverfi leikskólans, í tröppunum, á gólfinu og fleiri stöðum. Þannig er hægt að þjálfatölur og talnalæsi á marga vegu. Ákveðið færnischema hefur verið unnið til að sjá hvar börnin eru stödd í talnalæsi við leikskólann. Numicon kubbar eru einnig á yngri deildinni Heklu, þar eru þau byrjuð að æfa sig að raða kubbum á plötunar til dæmis.

TMT eða Tákn með tali er notað í leikskólanum. Hvert barn og starfsmaður á sitt tákni sem það notar með nafninu sínu. TMT er notað meira á yngri deildinni Heklu en í Vörðufelli, þar sem þar eru fleiri börn sem eru enn í sinni fyrstu máltöku og hafa gott af því að geta tjáð sig með höndunum þegar öll orðin eru ekki komin.



leikur


Í Heklu er ýmis efniviður púsl, dúkkukrókur, duplo kubbar og alls konar leikföng við þeirra hæfi. Inni í Vörðufelli er mikið um opin efnivið eins og einingakubba, blöð og liti og fleira. Á föstudögum fara börnin í Vörðufelli í Val þar sem þau velja sér viðfangsefni eftir svæðum á myndum, þá er notað ýmislegt leikefni sem til er í leikfangasafni leikskólans.

Hópastarf

Allir hópar fara 3x í viku í hópastarf, í hópastarfi er til dæmis farið í Listaholt þar sem reynir á sköpunarhæfileika nemanda, læsi á umhverfið og efnivið og sjálfbærni. Fleiri viðfangsefni í hópastarfi eru einnig numicon stærðfræðikubbar þar sem reynt er á talnalæsi og sjálfbærni. Síðan er fara allir hópar í salinn einu sinni í viku þar sem allir fá að hreyfa sig og æfa ýmsar grófhreyfingar og áhersla lögð á heilbrigði og velferð. Í hópastarfi er líka farið í Lubbastundir, stafirnir og hljóðin eru skoðuð, tónlist er spiluð og sungin og notað er tákn með tali meira þó á yngri deildinni en eldri, allir eiga sín tákn. Það er lögð áhersla á að vera með málörvun í öllum stundum. Ásamt mál og læsi, ART og leiknum þá er umhverfismennt einnig einn af okkar áherslupáttum



Hóparnir eru fjórir þennan veturinn og allir með sinn hópstjóra. er rúllandi á svæðum og þá stýrir efnisval verkefnum en hópstjóri leggur línurnar með hvað er gert og svo stýrir hópurinn með áhuga sínum í hvaða átt verkefnið fer. Fyrir áramót verða 2 hópar í Vörðufelli og 2 í Heklu. 2012 og 2013 árgangar eru saman í elsta Hauk og Öllu sem börnin eru búin að skíra Sjóráningjablómahóp og 2014 í öðrum hóp með Sirrý og börnin þar eru búin að skíra hópinn Kóngulóarhóp. Í Heklu verða 2 hópar fyrir áramót, elstu 4 börnin í 2015 árgangnum verða með Dísu í Fluguhóp en sá hópur verður í smá aðlögun að Vörðufelli með Dísu þar til þau flytjast yfir í janúar. Hin 2015 börnin ásamt 2016 börnunum verða í Ormahóp hjá Helgu Guðlaugs og Helgu Kolbeins.



Hópastarf

hóp með



Allan daginn í Leikholti fer fram eitthvað nám, í stiganum læra börnin t.d. að bakka niður, fara sjálf niður og upp, þau læra sjálfbærni og grófhreyfingar. Í leiknum eru börnin að læra ótrúlega margt, þar reynir mikið á félagsfærni og samskipti. Síðan er mikið til af efnivið í leikskólanum og sem reynir á sköpun, fín- og grófhreyfingar, heilbrigði og vellíðan, alls konar læsi og sjálfbærni. Til að kenna börnum um lýðræði, jafnrétti og sjálfbærni eru ýmsar aðferðir lagðar til eins og kosningar um öðruvísi daga, hlaðborð í matartíma og ýmislegt fleira. Öðruvísi dagar eru dagar sem börnin geta kosið að hafa eitthvað öðruvísi en aðra daga, börnin koma með hugmyndir á fundi um hvernig öðruvísi dag eigi að hafa og síðan er kosið um hugmyndirnar, á meðal öðruvísi daga



hefur verið kosið um litadaga (allir koma í ákveðnum lit), kósýdagur, hattadagur, gleraugnadagur og margt fleira. Í hlaðborðinu í hádeginu geta börnin í Vörðufelli skammtað sér sjálf á diskinn á borði í sinni hæð og gengið með diskinn á borðið sitt.

Barnafjöldi

Fjöldi nemenda í Leikholti getur oft verið mjög breytilegur t.a.m. fór áætlaður fjöldi úr 22 börnum í 36 síðasta vetur. Nú í ágúst var áætlað að við myndum byrja með 26 börn og enda með 29 börn í febrúar. Nú er þeim búið að fækka um eitt en við vitum enn ekki hvað mun breytast í vetur.



Starfsmenn

Starfsmenn Leikhólts voru í ágúst 2017 þrettán talsins:

1. Aðalheiður Einarsdóttir leiðbeinandi í Vörðufelli í 100% stöðu
2. Agnes Eir Snæbjörnsdóttir aðstoðarleiðbeinandi í V/H í 82,25% stöðu til áramóta (er á samning við vinnumálastofnun, telst því ekki með í starfsgildum).
3. Aleksandra Mróz ræsting og eldhús í 90% stöðu (minnkað í 52,5% og veikindaleyfi 22.8)
4. Elín Anna Lárusdóttir leikskólastjóri í 100% stöðu
5. Elín Sólveig Grímsdóttir ræsting og eldhús í 37,5% stöðu á móti Aleksöndru
6. Haukur Vatnar Viðarsson deildarstjóri í Vörðufelli í 100% stöðu
7. Helga Guðlaugsdóttir deildarstjóri í Heklu í 100% stöðu
8. Helga Kolbeinsdóttir leiðbeinandi í Heklu í 90% stöðu
9. Matthildur Elísa Vilhjálmsdóttir sérkennslustjóri í 60% stöðu
10. Sigríður Björk Marinósdóttir leikskólakennari í Vörðufelli í 74,4% stöðu
11. Sigríður Garðarsdóttir leiðbeinandi í V/H í 61,25% stöðu
12. Tjorven Kanopka í 57,5% afleysingarstöðu í en hættir í lok september – staðan auglýst
13. Þórdís Bjarnadóttir leikskólakennari í Heklu í 62,5% stöðu og fer í 80% í nóvember

Breytingar verða á skólaárinu þessar:

Tjorven Kanopka hætti í lok september. Staðan var auglýst og við fengum inn Grétu Gísladóttur, leikskólakennara, í 56,25% stöðu. Fjölgun varð í september á börnum og verður aftur í nóvember, janúar og febrúar. Því var auglýst 50% staða með möguleika á auknu starfshlutfalli. Sára Herczheg var ráðin og mun byrja að starfa 30. október 2017 í 50% stöðu til febrúars og auka þá í 100%.

Skólaárið 2017-2018

- **Á leikskóladagatalinu má sjá helstu viðburði skólaársins**

Starfsdagar Leikhólts eru sex talsins, í ágúst, nóvember, janúar, febrúar, apríl og júní, tveir af þeim dögum eru sameiginlegir með Þjórsárskóla. Starfsdagarnir eru notaðir í að sækja endurmenntun fyrir starfsmenn ásamt að skipuleggja og funda um starf leikskólans. Haustþing FL og FSL er skólaping starfsmanna leikskóla á suðurlandi þar sem hægt er að sækja hin ýmsu námskeið og fyrirlestra, það verður haldið 13. október.

Foreldrum stendur alltaf til boða að koma í heimsókn í leikskólann en árlega eru nokkrir viðburðir sem haldið eru upp á sem foreldrum eru boðið að koma og vera með. Haldið upp á Dag íslenskrar tungu 16. nóvember með smá uppákomu inn í sal, Litlu jólin 20. Desember þar sem haldið er jólaball í leikskólanum og foreldrum og fjölskylu er boðið að koma og dansa saman í kringum jólatré. Öskudagur er haldinn hátíðlegur með dansiballi, leikjum og kötturinn sleginn úr tunninni inn í sal leikskólans. Dagur leikskólans er ávallt 6. febrúar og stundum eins og þetta árið lendir hann mjög nálægt öskudagsins og þá hefur það orðið að venju að sameina

Þann fagnað í einn. Árshátíð leikskólans verður haldin að þessu sinni 18. apríl, þar munu börnin sýna leikrit og syngja lög sem þau hafa æft og foreldrum og þeirra fjölskyldum er boðið að koma og horfa á, eftir það þiggja gestir veitingar í boði leikskólans. Hefð hefur skapast að bjóða Þjórsárskóla að koma að horfa á general prufu um morguninn og einnig höfum við verið boðin slíkt hið sama hjá þeim. Að settum viðburðum þetta skólaár er vert að ljúka með vorhátíð, vorhátíð hefur verið haldin í sameiningu af starfsfólki leikskólans og foreldrafélagi, hefðin hefur verið þannig að grillaðar hafa verið pylsur, elstu börnin hafa útskrifast og í boði hefur verið ýmsir leikir eins og hoppukastali, blöðrumaður o.fl.



	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUAR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ	
1 Þ	Sumarfrí	1 F	1 S	1 M	1 F Fuðveldisdagurinn	1 M Nýársdagur	1 F	1 F	1 S Páskadagur	1 Þ Verkalýðsdagurinn	1 F	
2 M		2 L	2 M	2 F	2 L	2 Þ Starfsdagur	2 F Dagur stærðfræðinnar	2 F	2 M Annar í páskum	2 M	2 L	
3 F		3 S	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 Þ	3 F	3 S Þjálfmannsdagurinn	
4 F		4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 S	4 M	4 M	4 F	4 M
5 L		5 Þ	5 F	5 S	5 Þ	5 F Dótadagur	5 M	5 M	5 M	5 F	5 L	5 Þ Vorhátíð
6 S		6 M	6 F	6 M	6 M	6 M	6 L Þrettándinn	6 Þ Dagur leikskólans	6 Þ	6 F	6 S	6 M Starfsdagur
7 M		Fridagur verslunarmanna	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F
8 Þ	Opnar eftir sumarfrí	8 F Dagur læis	8 S	8 M	8 M Baráttudagur gegn einelti	8 M	8 F	8 F	8 S	8 Þ	8 F	
9 M	9 L	9 M	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 F	9 M	9 M	9 L	
10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 F	10 S	10 M	10 L	10 L	10 Þ	10 F Uppstígringardagur	10 S	
11 F	11 M	11 M	11 L	11 L	11 M	11 F	11 S	11 S	11 M	11 F	11 M	
12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 S	12 Þ Baka piparkök	12 F	12 M	12 M	12 F	12 L	12 Þ	
13 S	13 M	13 F	13 M	13 M	13 M	13 L	13 Þ	13 Þ	13 F	13 S	13 M Útdótadagur	
14 M	14 F	14 L	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	
15 Þ	15 F	15 S	15 S	15 M	15 M	15 F	15 F	15 F	15 S	15 Þ	15 F	
16 M	16 L	16 M	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 F	16 M	16 M	16 L	
17 F	17 S	17 Þ	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 L	17 L	17 Þ	17 F	17 S	
18 F	18 M	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S	18 S	18 M	18 M	18 M	
19 L	19 Þ	19 F	19 F	19 S	19 Þ	19 M	19 M	19 M	19 L	19 L	19 Þ	
20 S	20 M	20 F	20 F	20 M	20 M	20 L	20 Þ	20 Þ	20 F	20 S	20 M	
21 M	21 F	21 L	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	
22 Þ	22 F	22 S	22 S	22 M	22 F	22 M	22 F	22 F	22 S	22 Þ	22 F	
23 M	23 L	23 M	23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 F	23 M	23 M	23 L	
24 F	24 S	24 Þ	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 L	24 L	24 Þ	24 F	24 S	
25 F	25 M	25 M	25 M	25 L	25 M	25 F	25 S	25 S	25 M	25 F	25 M	
26 L	26 Þ	26 F	26 F	26 S	26 Þ	26 M	26 M	26 M	26 F	26 L	26 Þ	
27 S	27 M	27 M	27 M	27 M	27 M	27 L	27 Þ	27 Þ	27 F	27 S	27 M	
28 M	28 F	28 L	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	
29 Þ	29 F	29 S	29 S	29 M	29 F	29 M	29 M	29 F	29 S	29 Þ	29 F	
30 M	30 L	30 M	30 M	30 F	30 L	30 Þ		30 F	30 M	30 M	30 L	
31 F					31 S	31 M		31 L		31 F		

Starfsdagar eru 6 taláns, þús einn dagur í Réttarfrí og einn í Haustþing. Þeir dagar eru merktir með grænu og með lás. Því leikskólinn er lokaður þá daga.
 Önnur dagar eru merktir með grænu létti og léttspjald.
 Þeir dagar eru dagar sem börnin kjósa um saman, hvort séu í dagdag, Rugldagar, Kösydagar, Hattadagar o.s.frv.
 5x á ári eru foreldrunum boðið að koma í leikskólann og sjá skemmtanir eða á fagnaðarhöld, þeir dagar eru merktir svona.
 Aðra daga er foreldrar alltaf velkomnir í heimsókn og fylgjast með starfinu.

Foreldrasamstarf

- Aðlögun

Við leikskólann er notuð aðlögun sem við kjósum að kalla *Þátttökuaðlögun* en meginmarkmið hennar er að gefa foreldrum tækifæri til að kynnst starfsfólki og starfsemi leikskólans. Aðlögunin tekur um þrjá daga, þar sem foreldrar eru með barninu. Gert er ráð fyrir fullri þátttöku foreldranna í starfi leikskólans þá daga sem aðlögunin á sér stað. Talið er að öruggir foreldrar smiti eigin öryggiskennd yfir til barna sinna, öryggir foreldrar = örugg börn. Aðferðin byggist líka á því að ekki sé verið að venja barnið við að vera skilið eftir í leikskólanum, heldur sé það að læra að vera í nýjum aðstæðum. Foreldrar fá einnig tækifæri til að kynnst leikskóladegi barnsins.

- Foreldrasamvinna

Við leggjum áherslu á góð samskipti og viljum að foreldrar finni sig ávallt velkomna í leikskólann. Það er mikilvægt að góð samvinna takist milli foreldra barnsins og starfsfólks. Til að barninu líði sem best í leikskólanum er nauðsynlegt fyrir starfsfólkið að vita um líðan barnsins og venjur heima fyrir. Einnig er mikilvægt að foreldrar fái upplýsingar um hvernig dagurinn í leikskólanum gekk, þ.e. viðfangsefni og atvik dagsins. Oft veldur lítið atvik, hvort sem er í leikskólanum eða heima, því að hegðun barnsins er ekki söm og áður. Þá geta upplýsingar auðveldað foreldrum og starfsfólki að vinna úr þeim málum.

Á heimasíðu hreppsins er undirsíða fyrir leikskólann og þar eru allar mikilvægar upplýsingar að finna eins og leikskóladaatal, nöfn starfsmanna, upplýsingar um stefnu og fleira sem tengist starfi leikskólans. Á facebook síðu leikskólans eru reglulega settar inn upplýsingar t.d. fréttir úr starfinu, myndir og tilkynningar.

- Foreldraviðtöl og kynningarmyndband

Skipulögð foreldraviðtöl eru við alla foreldra einu sinni á ári og er skipt þannig að foreldrar þeirra barna sem fædd eru á fyrri hluta árs koma í viðtal í nóvember. Foreldrar þeirra barna sem eru fædd seinni hluta árs koma í viðtal í febrúar. Tilgangur viðtalanna er að skiptast á upplýsingum um barnið og efla samstarf milli leikskóla og heimilis. Foreldrar og kennarar geta einnig óskað eftir viðtölum eftir þörfum. Að hausti hefur verið venjulega kynningarfundur fyrir foreldra þar sem vetrarstarfið er kynnt en í fyrra byrjuðum við að gera kynningarmyndband um starf leikskólans gaf það sér vel svo það verður gert aftur. Myndbandið má finna á heimasíðu hreppsins ásamt facebook síðu. Facebook síðan er lokuð og er bara opin fyrir foreldrum barna í Leikholti, starfsmönnum og skólaneftarmönnum.

- Foreldrafélag

Foreldrafélag skólans heitir Leiksteinn og sinnir hlutverki foreldrafélags og foreldraráðs. Stjórn félagsins skal skipuð þremur aðilum: formanni, gjaldkera og ritara. Stjórnin skal kosin til tveggja ára í senn, tveir annað árið og einn hitt árið. Einnig skal kjósa þrjá varamenn með

sama fyrirkomulagi, tveir eitt árið og einn hitt og þá til tveggja ára í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórn félagsins skal boða til aðalfundar á haustin ár hvert og skal hann boðaður með minnst viku fyrirvara.

Tilgangur foreldrafélagsins er að stuðla að og efla samskipti heimila og skóla. Gott samstarf er á milli skóla og foreldrafélagsins. Foreldrafélagið hefur ávallt verið tilbúið að koma að ýmsum viðburðum innan skólans og tekur virkan þátt í því starfi. Foreldrafélagið hefur einnig staðið fyrir og fjármagnað ýmsar skemmtanir fyrir börn og foreldra. Foreldrafélagið stendur í samstarfi við Leikholt og foreldrafélag Þjórsárskóla fyrir fyrirlestrum og kynningarefni sem nýtist foreldrum, börnum og starfsfólki.

Foreldrafélagið fer einnig með hlutverk foreldraráðs. Tilgangur foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefnda um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskóla. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan skólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum.

Foreldraráð Leikhólts sem jafnframt er stjórn foreldrafélagsins Leiksteins skólaárið 2017-2018 skipa:

- Rósa Birna Þorvaldsdóttir Formaður
- Irma Elísa Días Cruz Gjaldkeri
- Hulda Margrét Þorláksdóttir Ritari

Í varastjórn eru Björn Axel Guðbjörnsson og Ólafur Freyr Ólafsson. Skoðunarmenn á reikninga eru Hákon Páll Gunnlaugsson og varaskoðunarmaður er Elin M. Moquist. Netfang Leiksteins er: leiksteinn@gmail.com.

Skólanefnd:

Aðalmenn:

Einar Bjarnason, formaður
Ingvar Hjálmarsson, varaformaður
Anna Þórný Sigfúsdóttir
Bjarni Másson
Ásmundur Lárusson

Varamenn:

Georg Kjartansson
Irma Diaz Cruz
Ingvar Þrándarson
Dagur Kristofferson
Anna María Flygenrig

Fulltrúar sem sitja skólanefndarfundum vegna leikskóla:

Helga Guðlaugsdóttir, fulltrúi starfsfólks Leikhólts.
Rósa Birna Þorvaldsdóttir, fulltrúi foreldra.
Elín Anna Lárusdóttir leikskólastjóri Leikhólts.

Mat á skólastarfi

Mikilvæg skylda er að meta skólastarf og er markmið með *Innra mati á leikskólastarfi* að stuðla að bættu starfi leikskóla og veita upplýsingar um hvort starfsemi leikskólans sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá leikskóla. Sérstaða og gildi hvers skóla eru leiðandi fyrir hvernig metið er.

Matsaðferðir sem eru notaðar eru í Leikholti:

- Í námsmati barna eru notað; TRAS skimunartæki á málþroska 2-5 ára barna, Hljóm-2 greiningartæki sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barnanna í leikskólanum, MOT hreyfiproskapróf. Ef grunur er á frávikum er notast við íslenska smábarnalistann og íslenska þroskalistann, ásamt fleiri þroskalistum sem aðgangur er að í gegnum Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings. Núna í vetur bætist við íslenski málhljóðamælirinn sem er forrit sem mælir getu barna í framburði og hljóðkerfisþáttum, forritið verður matstæki sem sérkennslustjóri notar þegar þarf.
- Starfsmannafundur einu sinni í mánuði fyrsta miðvikudag hvers mánaðar kl. 16:00-18:00, þeir eru mjög mikilvægir fyrir samskipti starfsmanna, skipulagningu og mat á skólastarfi.
- Leikskólastjóri tekur starfsmenn í starfsmannasamtöl á vorönn og spurningalisti er lagður fyrir þá til að meta starfið.
- Starfsmenn meta starfið á starfsmannafundi í des/jan og svo aftur í maí/júní, hvernig svona daglegt starf gengur fyrir sig og hvort einhverju þarf að breyta.
- Börnin eru spurð spurninga að vori, hvað þeim þykir skemmtilegt, leiðinlegt og hvort mætti eitthvað vera öðruvísi eða hvort eitthvað vanti eða gerð könnun um þætti í starfinu. Það er mat barnanna á starfinu.
- Foreldrar fá senda stutta könnun um álit þeirra starfið í leikskólanum á vorönn.
- Í vetur ætlum við að stefna að hafa vikulega deildarstjórafundi á mánudögum þar sem leikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjórnir tveir hittast og fara yfir vikuna og komandi verkefni.
- Í vetur ætlum við líka að gefa deildunum tækifæri að hafa deildarfundir einu sinni í viku, þar sem hægt er að samstillast strengi með faglegt starf, skipuleggja og ýmist námsmat.



Samstarf leik- og grunnskóla

- Markmið samstarfs leik- og grunnskóla er að byggja brú þar sem skólastigin mætast og nýta sér það besta sem hitt hefur upp á að bjóða. Félagsleg og tilfinningaleg líðan barna, hvað varðar flutning á milli skólastiga, er eitt af lykilatriðum sem hafa áhrif á velgengi og námsárangur í grunnskóla.
- Samstarf kennara skólanna gerir það að verkum að viðtökukennarinn þekkir styrkleika og veikleika barnanna og getur því komið betur til móts við þarfir þeirra í upphafi grunnskólagöngunnar. Það er því óhætt að segja að elstu leikskólabörnin séu betur í stakk búin til að hefja grunnskólagönguna af fullum krafti með þessum kynningum.
- Samstarfið er framkvæmt með eftirfarandi leiðum:
 - Elstu börn leikskólans heimsækja Þjórsárskóla, einu sinni í viku í september, október og nóvember og svo aftur í febrúar til apríl. Að lokum einn heilan dag í maí, þar sem þau fara að heiman með skólabíl og aftur með honum heim að loknum skóladegi.
 - Börnin í 1. bekk Þjórsárskóla koma í heimsókn í Leikholt einu sinni fyrir áramót og einu sinni eftir áramót.
- Búið er að hafa einn samráðsfund milli leik- og grunnskóla og setja niður sameiginleg þemu og verkefni. Haukur Vatnar mun vera með skólahópinn í vetur og Kristín mun

sjá um samstarfið í grunnskólanum. Stefnt er að því að leyfa öllum starfsmönnum að fara í a.m.k eina heimsókn með börnunum í grunnskólanum til að allir starfsmenn kynnist næsta skólastigi og aðferðum þar. Grunnskólakennararnir stefna svo á að koma í heimsókn í leikskólann og fá að fylgjast með þar líka og kynnst okkar aðferðum. Búið er að setja niður samráðsfund í janúar þar sem samstarfið verður metið og vorönnin skipulögð.

Stoðþjónusta

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings sér um stoðþjónustu til leikskólans og til sveitarfélaganna: Bláskógabyggðar, Flóahrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps, Hveragerðisbæjar, Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Sveitarfélagsins Ölfuss. Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings starfar á grundvelli reglugerðar nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga.

Markmið skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings og upplýsingar varðandi hvers konar þjónustu og starfsmenn er hægt að nálgast á heimasíðu skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings: <http://arnesthing.is/>.

Sérkennsla í leikskólanum

Í lögum um leikskóla nr. 78/1994, 15. gr. segir: *“Börn á leikskólaaldri sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, eiga rétt á henni innan leikskólans undir handleiðslu sérfræðinga.”*

Markmiðið með sérkennslu í Leikholti er:

- Að tryggja að börn með frávík í þroska, með tilfinninga- og/eða félagslega erfiðleika, fái notið leikskóladvalar sinnar.
- Að auka færni barna miðað við þroskastig þeirra og stuðla að því að hvert og eitt þeirra geti þroskast sem best á eigin forsendum.

Í Leikholti er áhersla lögð á að hefja markvissa íhlutun/sérkennslu um leið og grunur um frávík vaknar eða þörf talin vera á viðbótar kennslu. Í mörgum tilfellum þurfa börn tímabundna íhlutun en síðan eru önnur sem þurfa úrræði til lengri tíma.

Sérkennslustjóri skipuleggur sérkennsluna. Hann gerir m.a. einstaklingsnámskrár í samstarfi við foreldra og starfsmenn leikskólans, metur reglulega framfarir barnanna samhliða þörf og eðli íhlutunarinnar/sérkennslunnar. Mikilvægt er að allir starfsmenn séu meðvitaðir og vel upplýstir um þarfir barnanna sem njóta íhlutunar/sérkennslu af einhverju tagi. Sérkennslustjóri miðlar upplýsingum til starfsmanna og felur þeim jafnvel ákveðin verkefni sem tengjast sérkennslunni. Hann er einnig í samskiptum við foreldra og við Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings og aðra sérfræðinga sem koma að málum barnanna.

Unnið er samkvæmt einstaklingsnámskrá barnsins við þær aðstæður sem taldar eru tryggja bestan árangur hverju sinni. Ýmist er unnið í barnhópnum, einstaklingslega eða í fámennum leikhópum.

Lögð er mikil áhersla á efla málþroska barna í starfinu öllu með aðstoð sérkennslustjóra.

Öryggis og slysavarnarmál Heilbrigðiseftirlit Suðurlands kemur einu sinni á ári í reglubundna skoðun á húsakynnum skólans.

Leikholt á í góðu samstarfi við Brunavarnir Árnessýslu um öryggismál er varðar eldsvoða. Einnig er leikskólinn í samstarfsverkefni slökkviliðanna og leikskólanna þar sem slökkviálfarnir Logi og Glóð leika aðalhlutverkið. Börnin taka virkan þátt í eftirlitshlutverkinu með því að skoða reglulega flóttaleiðir, fylgjast með hvort neyðarljós logi, ganga um húsið til að vita hvar slökkvitæki og reykskynjarar séu staðsettir o.fl. Slökkviliðsmenn koma síðan í heimsókn að vori til að kynna slökkviliðsbílinn fyrir börnunum. EBÍ lætur slökkviliðunum fræðsluefnið í té án endurgjalds. Sérstakur þjónustusamningur er við Árvirkjann um eftirlit á brunakerfi leikskólans. Öryggismiðstöðin sér um að vakta brunakerfi leikskólans.

Innra eftirlit á leikvelli greinist í reglubundna yfirlitsskoðun, rekstrarskoðun og aðalskoðun:

- Reglubundna yfirlitsskoðun á að framkvæma daglega. Tilgangur hennar er að greina strax hættur sem geta stafað af skemmdarverkum, notkun, sliti eða veðrun.
- Rekstrarskoðun felst í verklegri yfirferð, viðhaldi og viðgerðum og gæti þurft að framkvæma hana á 1-3 mánaða fresti eftir notkun og álagi. Skoðuninni er ætlað að ganga úr skugga um að leikvallartæki virki eins og til er ætlast, stöðugleiki og festingar þeirra séu tryggar, kanna slitfleti, að gert sé við tæki og framkvæmt nauðsynlegt viðhald, svo sem mála, skipta um slitfleti, festa tæki og jafna undirlag. Hér er bæði unnið eftir leiðbeiningum framleiðanda og ábendingum frá reglubundinni yfirlitsskoðun.
- Aðalskoðun er ástandsskoðun sem ætlað er að gera heildarúttekt á öryggi leikvallartækja, yfirborðsefna, m.a. yfirborðsefna til dempunar falls, og undirstöðum undir leikvallartækjum (stöðugleikapróf), til dæmis vegna áhrifa veðrunar eins og ryðs og veðrunar á leikvallartæki og á yfirborðsefni. Einnig allar breytingar er geta haft áhrif á öryggi leikvallartækja. Þar má nefna áhrif viðgerða eða ísetningu nýrra hluta og uppsetningu nýrra tækja á leiksvæðum. Staðallinn segir til um að aðalskoðun eigi að vera framkvæmd af hæfum aðila samkvæmt leiðbeiningum framleiðenda. Hæfni aðila fer eftir eðli verkefnis.

Samkvæmt öryggiskröfum frá vinnueftirliti er öryggistrúnaðarmaður kosinn úr hópi starfsfólks. Hlutverk hans er að gæta að þáttum tengdum öryggi og vellíðan á vinnustað. Framkvæmt er svokallað áhættumat sem nýtt er til endurbóta á starfi og umhverfi leikskólans. Öryggistrúnaðarmaður er Kristjana Heyden Gestsdóttir í samstarfi við leikskólastjóra.

Umbótaáætlun (eftir kannanir og innra mat) fyrir starfsárið 2017-2018

- Hafa deildarstjórafundir til að skipuleggja vikurnar betur
- Hafa deildarfundir til að passa upp á upplýsingaflæðið og skipulagið
- Hafa nákvæmara upp á töflu hvar hver og einn starfsmaður á vera yfir daginn
- Reyna að setja upp skýrari reglur um t.d. hvað má og hvað má ekki
- Frá eldhúsi: ganga betur frá e. kaffi og passa dót ekki á gólfi þegar á að þrifa rýmin
- Almennt hafa meira snyrtilegt í kringum okkur
- Vera duglegri í tónlist
- Vera hugmyndaríkari í myndsköpun
- Flokka enn betur
- Hafa skýrari reglur m. umgengni við skúrinn og dót úti

- Muna að slökkva ljós – spara orku!
- Setja meiri skráningar – lýsingar við myndir sem börnin gera og ljósmyndir sem við setjum á facebook síðuna
- Nota meira einingakubbanda
- Vera duglegri að skipta upp Vörðufelli í svæði í lok dags og passa að kveðja börnin þegar þau fara helst með jákvæðri athugasemd/frétt við foreldra þeirra
- Vera dugleg að kynna starfið okkar, passa upplýsingaflæði til foreldra
- Vera dugleg að lesa og skoða bækur með börnunum
- Vera enn duglegri að hrósa samstarfsfólki sínu

Símenntunaráætlun Leikskólans Leikholt 2016-2017

Markmið með símenntunaráætlun er að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið. Lagt er upp með að fylgja þeim áherslum sem leikskólinn fylgir. Áherslur þetta árið eru áframhaldandi vinna með verkefni Skóli á grænni grein – Grænfáni, áframhaldandi vinna með ART með því að halda uppi ART hópum í tveimur elstu árgöngum og bæta við Blæ eftir áramót, samstarf við Þjórsárskóla, almenn málörvun og TMT. Starf með áherslu á námssvið leikskólans skv. Aðalnámskrá leikskóla (2011) (*Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi og sköpun og menning*) er þáttur í daglegu starfi leikskólans og er það skylda allra að huga vel að þeim og sækja endurmenntun þegar þörf er á og tækifæri gefst. Leikskólastjóri ber ábyrgð á framkvæmd og úrvinnslu símenntunaráætlunarinnar en starfsfólk fyrir eigin símenntun þ.e.a.s. að greina þarfir sínar, hafa frumkvæði að fræðslu og efla starfsþroska sinn.

Til símenntunar teljast:

- Námskeið á vegum skólans og annarra viðurkenndra aðila (þ.e. sem skólastjóri samþykkir) og líka í samstarfi við aðra skóla
- Þróunarverkefni
- Skipulagðir leshringir (nýtum okkur þekkingu fagfólks innan skólans)
- Framhaldsnám (kennara sækja um frí hjá skólanefndi til að sækja staðbundnar lotur) framhaldsnám er hluti af einstaklingsáætlun starfsmanns
- Samstarf við Þjórsárskóla

Starfsdagar og kennarafundir sem eru áætlaðir í fræðslu er talin með í símenntunaráætluninni.

Leikholt greiðir 100% Greidd laun starfsmannsins og þáttökugjald	Leikholt og starfmaður skipta kostnaði á milli sín	Starfsmaður fjármagnar símenntun sjálfur
Starfstengd, ósk stjórnandans og þátttaka er innan eða utan vinnutíma.	Starfstengt en ekki forgangsmál, þátttaka innan eða utan vinnutíma.	Óljós eða engin tengsl við núverandi eða framtíðarstarf hjá Leikholti.

Ferli við gerð símenntunaráætlana

- Undirbúningur í ágúst/september: leikskólastjóri skoðar úrval námskeiða og fræðslu sem er í boði, sendir á starfsfólk og bendir því á það sem myndi henta þeim. Starfsmenn láta leikskólastjóra vita eigin þörf á símenntun.
- Leikskólastjóri tekur saman niðurstöður og vinnur símenntunaráætlun og leggur fyrir skólanefnd í lok september 2017.
- Starfsmenn fylgja áætlun og skrá niður eigin símenntun. Leikskólastjóri veitir stuðning við fræðslu og leysir af þegar starfsmenn fara á námskeið ef þörf er á.
- Í janúar er farið yfir auglýsingar um fræðsluerindi/námskeið og leikskólastjóri auglýsir það sem passar áherslum leikskólans.
 - o Starfsmenn koma með óskir um símenntun á vorönn.
 - o Leikskólastjóri tekur alla starfsmenn í starfsmannasamtal og niðurstöður úr því samtali nýtast í áætlanagerð.
- Starfsmenn meta árangur í lok skólaársins í starfsmannakönnun
- Úrvinnsla: leikskólastjóri vinnur úr niðurstöðum og leggur drög að næsta skólavetri og endurmetur í janúar þegar næstu námskeið eru auglýst.

Hér næst má sjá þau námskeið sem þegar búið er að skrá starfsmenn á.

Símenntunaráætlun

Hluti af símenntun eru starfsdagar, starfsmannafundir, fræðslufundir/kynningar, málþing/ ráðstefnur og námskeið. Hér eru þau námskeið sem búið var að skrá starfsmenn í september 2017.

Námskeið	Námskeiðshaldari	Dagsetning	Þátttakandi
Vinátta – fri for mobberi	Barnaheill	30.8.2017	Þórdís Bjarnadóttir
Tónlistarvináttunámskeið	Barnaheill	1.9.2017	Þórdís Bjarnadóttir
Lubbi í leikskóla tenging..	Lubbasmiðjan	29.9.2017	Haukur Vatnar Viðarsson
Samráðsfundur deildarstj	Skólaþjónustan Á.	19.9.2017	Haukur Vatnar Viðarsson
--II--	--II--	--II--	Helga Guðlaugsdóttir
Fundur á vegum FOSS	FOSS	Í september	Sigríður Garðarsdóttir
Námsleikir fyrir börn m.	Skólaþjónusta R.	7.11.2017	Sigríður Björk Marinósdóttir
Samráðsfundur sérk.stj.	--II--	7.11.2017	Matthildur Elísa Vilhálmsdóttir
Leikskólinn – gott námsumhverfi fyrir yngstu börnin	Endurmenntun HÍ	10.11.2017	Matthildur Elísa Vilhálmsdóttir
	--II--	--II--	Helga Guðlaugsdóttir
	--II--	--II--	Helga Kolbeinsdóttir
Síðan getur meira bæst við eftir að líða fer á veturinn.			

Lokaorð

Í leikskólanum Leikholti er mikill og góður andi hjá starfsfólki, börnum og foreldrum. Hér vinnur áhugasamt fólk af mikilli alúð, umhyggju og faglegri hugsjón. Í vetur eins og fram hefur komið eru mörg verkefni framundan til að mynda áframhaldandi vinna að umhverfismennt, vinna með numicon kubba, ART og Blæ, stöðug vinna að mál og læsi ásamt vinnu að grunnþáttum menntunar.

Allir hér í leikskólanum eru jákvæðir, metnaðarfullir og tilbúnir að takast á við hvað sem er. Í vetur á eftir að vera eins og aðra vetur mjög faglegt og skemmtilegt starf hér í leikskólanum Leikholti. Við hjálpumst öll að við að vinna saman að okkar markmiðum, sem eru að öllum börnum og starfsfólki líði vel í leikskólanum og að hér ríki gleði, vinsemd og virðing (einkunnarorð okkar). Við viljum að hver einstaklingur fái að njóta sín á eigin forsendum því hver einstaklingur er einstakur. Einnig viljum við stuðla að umburðarlyndi og vísýni barna.

Framtíðin hér í leikskólanum Leikholti er björt, hér breytist barnafjöldinn ört og tímarnir og skipulag með því. Hér eru allir orðnir mjög færir í að taka breytingum og aðlaga sig að aðstæðum og þeim breytingum sem gerast hverju sinni. Við förum jákvæð af stað í nýtt starfsár í leikskólanum Leikholti, skólaárið 2017-2018.

Leikholt, 6. september 2017

Elín Anna Lárusdóttir leikskólastjóri